

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar um umbætur á skipulagi og umhverfi leikskólastarfs

Skóla- og frístundaráð leggur til að gerðar verði umbætur á skipulagi og umhverfi leikskólastarfs í borginni með það í huga að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga. Meðal þeirra þátta sem sérstaklega verða teknir til skoðunar eru opnunartími leikskólanna, skipulag starfsdagsins, dvalartími barna, stærð barnahópa, uppbygging gjaldskrár og hvernig megi bregðast við þeirri staðreynd að nýliðun leikskólakennara fullnægir ekki eftirspurn. Settur verði á fót stýrihópur með kjörnum fulltrúum, fulltrúum leikskólastjóra og fulltrúa leikskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Hópurinn leiti jafnframt áhlits og ábendinga frá Félagi leikskólakennara, Félagi stjórnenda í leikskólum, öðru starfsfólki í leikskólum, Samtökum foreldra á leikskólum, háskólasamfélaginu og fleirum eftir þörfum. Stýrihópurinn leggi fram áfangaskýrslu fyrir 1. desember 2019 og lokaskýrslu fyrir 1. mars 2020 en hafi jafnframt heimild til að koma með tillögur jafnóðum ef þörf krefur.

Greinargerð

Á undanförunum árum og misserum hefur á skóla- og frístundasviði farið fram umfangsmikil greining á rekstrar- og starfsumhverfi leikskóla Reykjavíkurborgar m.a. með svokallaðri djúpgreiningu á árunum 2016-2017, vinnu starfshóps um starfsumhverfi leikskólakennara á árinu 2018 og nú starfshóps um starfsumhverfi leikskólastjóra. Þessar greiningar hafa dregið fram ýmis tækifæri til umbóta og þegar hefur verið ráðist í margvíslegar aðgerðir s.s.

- Aukið rými barna með því að færa rekstrarleyfi allra leikskóla frá árinu 2011 niður um 7%. Þessari aðgerð var skipt í tvo hluta og er fyrri hluti hennar þegar kominn til framkvæmda en ráðgert að síðari hluti hennar komi til framkvæmda á árinu 2020.
- Barngildisviðmiðum 5 ára barna hefur verið breytt úr 0,8 í 1 barngildi og á næsta ári er áætlað að 4 ára börn reiknist sem 1,1 barngildi í stað 1 eins og nú er.
- Undirbúningstími deildarstjóra hefur verið aukinn í 7 tíma óháð menntun og undirbúningstími leikskólakennara aukinn í 5 tíma. Auk þess voru settir inn 2 tímar á deild til undirbúnings fyrir starfsfólk í Eflingu, í dag eru því að lágmarki 9 tímar í undirbúning fyrir hverja deild.
- Fjármagn hefur verið sett inn til heilsueflingar og til að efla liðsheild.
- Aukið fjármagn/stöðugildi hefur verið sett inn vegna barna af erlendum uppruna.
- Úthlutun vegna veikindafjarvista hefur verið breytt úr stöðugildum í fjármagn og samhliða því sett á stofn miðlæg afleysingastofa sem þjónustar leikskóla í mönnunarvanda.
- Sú breyting hefur verið gerð á skóladagatali leikskóla að þeir eru lokaðir að morgni aðfangadags og gamlársdags.
- Samþykkt var heimild til niðurfellingar á leikskólagjöldum á milli jóla og nýárs ef barn tekur frí þessa daga og er þeirri aðgerð ætlað að skapa aukið svigrúm fyrir jólafrí starfsfólks.
- Samþykktur var aukinn stuðningur við nýja leikskólakennara og handleiðsla fyrir leikskólakennara og er það verkefni að fara af stað.

- Ráðist var í mikið ytra kynningarátak skóla- og frístundasviðs á starfi í leikskólum borgarinnar.
- Fyrir á þessu ári var gerð úttekt á húsnæðismálum og búnaði leikskóla sem hugsuð er sem grunnur að áætlunum um úrbætur og forgangsröðun.

Á síðustu árum hafa margir leikskólar glímt við ráðningarvanda, mikla starfsmannaveltu og skort á leikskólakennurum og öðru fagfólki. Meðal þess sem leikskólastjórar benda á er vandi við að manna skólana miðað við langan opnunartíma þ.e. frá 7:30 – 17:00 eða 9,5 klukkustundir á dag. Orsök þess vanda liggur m.a. í því að meginþorri foreldra kaupir meira en 8 klukkustundir fyrir börn sín þ.e. 8,5 tíma og allt upp í 9,5 stundir en fullur starfsdagur starfsfólks er 8 tímar. Af þessum sökum skapast undirmönnun bæði í upphafi og lok dags þar sem stærsti hluti barnanna er mættur snemma á morgnanna og dvelur fram yfir kl. 16.

Frá næstu áramótum taka gildi lög sem kveða á um eitt leyfisbréf kennara þvert á skólastig. Sú aðgerð kallar á aðgerðir sem miða í auknum mæli að því að jafna starfsaðstæður og starfsumhverfi skólastiganna en margir leikskólakennarar óttast að tilfærsla kennara á milli skólastiga verði fremur úr leikskólum yfir í grunnskólann heldur en á hinn veginn.

Nokkrir leikskólar hafa verið að gera breytingar á skipulagi undirbúningstíma deildarstjóra og annarra starfsmanna og vísbendingar eru um það í viðhorfskönnunum að slíkar breytingar auki starfsánægju allra starfsmanna og minnki álag. Niðurstöður könnunar tilraunaverkefnisins um styttingu vinnuvikunnar sýnir einnig aukna starfsánægju meðal starfsmanna þeirra leikskóla sem tóku þátt. Mikilvægt er að rýna vel þessa þætti og nýta þau atriði sem reynst hafa vel í þágu heildarinnar.

Á síðustu misserum hafa leikskólastjórar lýst áhyggjum sínum af slakari málþroska barna auk þess sem þörf fyrir sérkennslu barna eykst frá ári til árs. Fyrst og fremst er mikilvægt að rýna starfs- og námsumhverfi leikskóla út frá hagsmunum barna; leggja mat á æskilegan dvalartíma þeirra í leikskólum í samhengi við sjónarmið um mikilvægi samveru með foreldrum og þátttöku í fjölskyldulífi, setja viðmið um æskilegar hópastærðir o.fl.